

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um sjómannaafslátt.

Frá Merði Árnasyni.

1. Hversu margir fengu svokallaðan sjómannaafslátt árin 1994–2003 á hverju ári um sig?  
Hvað er um marga lögskráningardaga að ræða?
2. Hversu margir vinnudagar voru á þessum tíma teknir til greina vegna:
  - a. vinnu lögskráðs sjómanns á fiskiskipi,
  - b. vinnu fiskimanns á eigin fari án lögskráningar,
  - c. vinnu á varðskipi,
  - d. vinnu á rannsóknarskipi,
  - e. vinnu á sanddæluskipi,
  - f. vinnu á ferju,
  - g. vinnu á farskipi sem er í förum milli landa,
  - h. vinnu á farskipi í strandsiglingum innan lands,
  - i. vinnu hlutaráðsins beitningarmanns,
  - j. annarrar vinnu?
3. Hver er fjárhæð afsláttar á þessum tíma eftir þeim flokkum sem taldir voru upp í 2. lið?
4. Hvernig skiptist afslátturinn á þessum tíma eftir einstökum atvinnufyrirtækjum?

Skriflegt svar óskast.